



ÁRSSKÝRSLA
2015

fjs Fjársýsla
ríkisins



ÁRSSKÝRSLA
2015

FJÁRSÝSLA RÍKISINS

Mars 2016

Ljósmyndir í ársskýrslunni eru úr ljósmyndasafni, þema myndanna eru gróður og dýr.
Forsíðumynd er af beitylgi.

©Einar Guðmann (<http://photos.gudmann.is/#!/index>)

©Gyða Henningsdóttir (<http://photos.gyda.is/#!/index>)

Ársskýrslan er eingöngu gefin út á rafrænu formi.
Hönnun og umbrot: Fjársýsla ríkisins, mars 2016
Letur er Calibri.

EFNISYFIRLIT

| | Bls. |
|--------------------------------|------|
| Formáli fjársýslustjóra | 6 |
| Um Fjársýslu ríkisins | 8 |
| Hlutverk og stefna | 8 |
| Markmið og áherslur | 9 |
| Starfsemin á árinu | 10 |
| Starfsemin | 10 |
| Fjármál | 15 |
| Starfsmenn og þróun | 17 |
| Kennitölur | 19 |
| Ársreikningur 2015 | 24 |
| Rekstrarreikningur | 26 |
| Efnahagsreikningur | 27 |
| Sjóðstreymi | 28 |
| Staða viðfangsefna | 29 |

FORMÁLI FJÁRSÝSLUSTJÓRA

Starfsemi Fjársýslu ríkisins (FJS) var umfangsmikil á árinu 2015. Til viðbótar við hefðbundin, reglubundin verkefni bættust við tímafrek ný verkefni. Þar má til dæmis nefna undirbúningsvinnu við innleiðingu á lögum um opinber fjármál (LOF) sem samþykkt voru í lok ársins, og endanlega úrvinnslu við val á rekstraraðila Orra eftir útboð sem fram fór í lok árs 2014. Fimm vikna verkfall háskólamenntaðra starfsmanna stofnunarinnar á vormánuðum hafði víðtæk áhrif á starfsemina. Mörg verkefni frestuðust og tók langan tíma að vinna upp. Verkfallið náði til 28 af 73 starfsmönnum FJS.

Tímanleiki er lykilþáttur í starfsemi stofnunarinnar og er stöðugt unnið að því að einfalda og bæta ferla með það í huga. Tryggja þarf að laun ríkisstarfsmanna og reikningar séu greiddir á tilsettum tíma og að lögð sé áhersla á að hraða birtingu upplýsinga um fjárhagsstöðu einstakra ríkisaðila og ríkissjóðs bæði innan ársins og fyrir árið í heild. Ríkisreikningur fyrir árið 2014 lá fyrir í júnílok 2015.

Gunnar H. Hall lét af embætti fjársýslustjóra um síðustu áramót og fór til starfa í fjármála- og efnahagsráðuneyti. Gunnar var skipaður ríkisbókari frá 1. janúar 1995. Hann hafði því stýrt starfsemi stofnunarinnar samfleytt í 21 ár með farsælum hætti. Í október var embætti fjársýslustjóra auglýst laust til umsóknar og skipaði fjármála- og efnahagsráðherra undirritaðan í embætti fjársýslustjóra til fimm ára frá 1. janúar 2016.

Sem fyrr var lögð rík áhersla á hagkvæmni í rekstri stofnunarinnar á árinu 2015 og var gætt mikils aðhalds í rekstrargjöldum og starfsmannahaldi hjá stofnuninni. Afkoman í heild var jákvæð um 15 m.kr. og skýrist það í aðalatriðum af frestun verkefna sem tengjast lögum um opinber fjármál. Starfsmannafjöldi í árslok var 77. Starfsmannavelta ársins var 1,3% miðað við 5,5% árið á undan.

Ingbór Karl Eiríksson
fjársýslustjóri



Blákluk

FJS er sérstök stofnun sem heyrir undir fjármála- og efnahagsráðherra og starfar samkvæmt lögum nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins með síðari breytingum

Hlutverk stofnunarinnar er að samræma reikningsskil ríkisaðila og tryggja tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins

Stofnuninni ber að stuðla að öruggri og skilvirkri greiðslumiðlun fyrir ríkissjóð

UM FJÁRSÝSLU RÍKISINS

Hlutverk og stefna

Fjársýsla ríkisins (FJS) starfar samkvæmt lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins með síðari breytingum. FJS er sérstök stofnun sem heyrir undir fjármála- og efnahag sráðherra. Fjársýslustjóri veitir henni forstöðu og er skipaður af fjármálaráðherra til fimm ára í senn.

Hlutverk

Hlutverk stofnunarinnar er að samræma reikningsskil ríkisaðila og tryggja tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins. Jafnframt ber stofnuninni að stuðla að öruggri og skilvirkri greiðslumiðlun fyrir ríkissjóð.

Gildi

FJS hefur sameiginleg gildi að leiðarljósi sem eiga að tryggja samræmi í daglegu starfi hennar.

- Uppfylla þarfir hagsmunaaðila, þ.e. viðskiptavina, samstarfsaðila, starfsmanna og samfélagsins í heild.
- Vinna að því að efla traust og áreiðanleika við meðferð fjármuna og færslu bókhalds.
- Vera fyrirmynd annarra fyrirtækja og stofnana með áherslu á frumkvæði, nýsköpun, hæfni og starfsánægju.

Framtíðarsýn

- Stofnunin veiti viðskiptavinum sínum hraða og áreiðanlega þjónustu.
- Stofnunin verði góð fyrirmynd á sínu sviði hvað varðar fagmennsku í starfi.
- Stofnunin verði leiðandi fyrir ríkið á sviði bókhalds-, launavinnslu og áætlanagerða og sýni frumkvæði við að innleiða hagnýtar nýjungar í tækni og vinnubrögðum.
- Upplýsingakerfi ríkissjóðs verði öflug, hagkvæm í rekstri og svari kröfum notenda.

Verkefni

1. Gerð og framsetning uppgjöra fyrir ríkissjóð, ásamt útgáfu ríkisreiknings.
2. Móttaka innheimtufjár og annast greiðslur fyrir ríkissjóð.
3. Samræming og gerð verklagsreglna fyrir bókhald og reikningsskil ríkisins.
4. Rekstur upplýsingakerfa, þróun og ráðgjöf er tengist notkun þeirra.
5. Ráðgjöf og kennsla fyrir ríkisaðila um bókhald, reikningsskil, innheimtu og launaafgreiðslu. Einnig ráðgjöf um nýtingu fjárhagsupplýsinga við fjármálastjórn.
6. Eftirfylgni með því að bókhald stofnana sé uppfært reglulega og tilhögun innra eftirlits.
7. Færsla fjárhags- og launabókhalds og annast greiðslur fyrir ríkisstofnanir eftir því sem hagkvæmt þykir.
8. Umsjón með innheimtugagnavinnum ríkissjóðs.

Markmið og áherslur

Almennar áherslur

Lögð er áhersla á að FJS veiti hagkvæma og góða þjónustu. Hún er þjónustustofnun og því mikilvægt að viðskiptavinir séu ánægðir. Það verður aðeins tryggt með góðri þjónustulund hjá starfsfólki, traustri sérfræðikunnáttu og hagnýtum upplýsingakerfum sem eru örugg í rekstri. Jafnframt er áriðandi að upplýsingakerfin séu öflug, áreiðanleg og skilvirk þannig að þau svari kröfum notenda hverju sinni.

Mikilvægt er að efla samstarf við viðskiptavini og samstarfsaðila. Þróun hugbúnaðar skiptir miklu máli í bókhaldi og því mikilvægt að vel sé staðið að því í samstarfi við hlutaðeigandi aðila.

FJS leggur áherslu á áframhaldandi þróun og rekstur á fjárhags- og mannauðskerfum Oracle hjá ríkissjóði, ráðuneytum og stofnunum. Hér er um viðamikil verkefni að ræða, sem þarf að fylgja eftir með frekari þróun, öflugri fræðslustarfsemi og verklagsreglum fyrir notendur kerfisins. Að öðrum kosti næst aldrei sú hagræðing sem að var stefnt með fjárfestingunni.

Stjórnunaráherslur

Sérstaða FJS felst í ákveðinni sérfræðiþekkingu á bókhaldi og upplýsingakerfum hjá ríkissjóði og ríkisstofnunum. Verkefnin eru bæði víðtæk og sérhæfð. Lykilatriði er að stofnunin hafi á að skipa hæfu starfsfólki sem býr yfir víðtækri þekkingu á því sviði sem stofnunin starfar á. FJS hefur lagt fram áherslur í starfsmannastjórnun innan stofnunarinnar með það fyrir augum að auðvelda vinnuna og samræma áherslur. Þessar áherslur miða að því að veita stjórnendum yfirsýn yfir mannauð stofnunarinnar og að bæta upplýsingaflæði innan hennar.

Mannauður

Starfsemi FJS einkennist af mikilli sérhæfingu, verkaskiptingu og samræmingarstarfi á upplýsingum og gögnum sem unnið er með. Í því felast umtalsverð þekkingarverðmæti og mikilvæg tengsl við samstarfsaðila og viðskiptavini. Áriðandi er að starfsmenn eigi kost á fræðslu í ljósi krafna um sérhæfingu, góða þjónustu og notkun á nýrri tækni. Stofnunin gerir jafnframt kröfur til starfsfólks um öguð vinnubrögð og að það ljúki sínum verkum tímanlega, t.d. í tengslum við launaútborganir, greiðslur styrkja og bóta, greiðslur reikninga, færslu bókhalds o.s.frv. Almennt er starfsfólkið meðvitað um mikilvægi, nákvæmni og tímanleika fyrir verkefni stofnunarinnar og leggur metnað í að leysa störf sín vel af hendi. Lögð er áhersla á að gefa starfsmönnum kost á að sækja nauðsynlega fræðslu og endurmenntun til að styrkja þekkingu þeirra og hæfni í starfi.

Lögð er áhersla á að FJS veiti hagkvæma og góða þjónustu

FJS leggur áherslu á áframhaldandi þróun og rekstur á fjárhags- og mannauðskerfum Oracle hjá ríkissjóði, ráðuneytum og stofnunum

Sérstaða FJS felst í ákveðinni sérfræðiþekkingu á bókhaldi og upplýsingakerfum hjá ríkissjóði og ríkisstofnunum



Jaðrákan

Mikil undirbúningsvinna var í tengslum við ný lög um opinber fjármál (LOF)

Talsverð röskun varð á starfsemi FJS á árinu vegna 5 vikna verkfalls háskólamenntaðra starfsmanna stofnunarinnar. Verkfallið náði til 28 af 73 starfsmönnum FJS

Endanleg úrvinnsla fór fram á árinu við val á rekstraraðila Orra eftir útboð sem fram fór í lok árs 2014

Nýr samningur við Advania tók gildi frá og með 2. október



STARFSEMIN Á ÁRINU

Auk hefðbundinna verkefna einkenndist starfsemi FJS af nýjum veigamiklum verkefnum á árinu 2015. Nægir þar að nefna tímafreka undirbúningsvinna í tengslum við ný lög um opinber fjármál (LOF) og endanlega úrvinnslu við val á rekstraraðila Orra eftir útboð sem fram fór í lok árs 2014. Talsverð röskun varð á starfsemi FJS á árinu vegna 5 vikna verkfalls háskólamenntaðra starfsmanna stofnunarinnar. Verkfallið náði til 28 af 73 starfsmönnum FJS. Verkfallið hafði víðtæk áhrif á starfsemina, stór hluti verkefna frestaðist og tók langan tíma að vinna upp.

Ríkisreikningur fyrir árið 2014 kom út í lok júní 2015. Sem fyrr var lögð áhersla á að gæta aðhalds í rekstri stofnunarinnar án þess að það bitnaði um of á gæðum þjónustunnar og starfsánægju. Afkoman í heild var jákvæð um 15 m.kr. og skýrist það í aðalatriðum af frestun verkefna sem tengjast lögum um opinber fjármál (LOF).

Veigamikill þáttur í starfsemi FJS er að annast þróun og rekstur fjárhagskerfa fyrir ríkissjóð og ríkisstofnanir, þ.e. Orra, TBR og lánakerfi ríkisins. Að þeim verkefnum koma öll svið stofnunarinnar með einum eða öðrum hætti. Hér á eftir verður fjallað um upplýsingakerfin og aðra mikilvæga þætti í starfsemi stofnunarinnar á árinu 2015.

Orri, fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins

Áfram var unnið að þróun á Orra í samvinnu við stærstu notendur. Í aðalatriðum gekk rekstur kerfisins vel en fresta þurfti þó stórri útgáfubreytingu á árinu þar sem fjárheimildir voru ekki nægar. Helstu verkefni voru eftirfarandi:

- Á síðari hluta ársins 2014 var rekstur Orra boðinn aftur út í samráði við Ríkiskaup. Tilboð voru opnuð í desember og bærust 8 tilboð, þar af 6 frá Advania sem var rekstraraðili kerfisins. Vinna við yfirferð tilboða hófst strax í desember og stóð fram á vor 2015. Advania átti lægsta tilboðið og 5. maí undirrituðu FJS og Advania samning um rekstur og hýsingu tölvukerfisins Orra. Nýr samningur við Advania tók gildi frá og með 2. október 2015.
- Mikil vinna átti sér stað á árinu við Orra vegna breytinga á lögum um opinber fjármál. Helst má nefna:
 1. Þjónusta við eignakerfi (FA) í Orra var flutt frá tæknisviði yfir til uppgjörssviðs FJS. Byrjað var á árinu að breyta uppsetningu á FA og endurvinnna gögn þannig að þau taki tillit til breyttrar uppsetningar og að afskriftarstofnar og afskriftarhlutföll séu rétt. Sérstök áhersla var lögð á eignaskrá, afstemmingar og greiningu á efnahag einstakra fjárlagaliða í A-hluta ríkissjóðs.
 2. Áhersla var lögð á við stofnanir að þær skiluðu inn upplýsingum um alla skuldbindandi samninga sem þær höfðu gert.
 3. Samkvæmt IPSAS (alþjóðlegur reikningsskilastaðall sem LOF byggir á) þurfa allar orlofsskuldbindingar að vera færðar. Á árinu 2015 var hafin vinna við að greina hvernig hægt væri að setja upp kerfi til að reikna út ýmsar skuldbindingar sem varðar starfsmenn. Greiningu var lokið á árinu 2015 en verkið sjálft verður unnið á árinu 2016.

4. Oracle hefur lýst því yfir að Discoverer skýrslugerðartæki sem notað hefur verið við skýrslugerð úr fjárhagskerfum ríkisins, hættir að vera hluti af Oracle eBusiness suite kerfinu. Á árinu var því byrjað á að skoða hvaða möguleikar væru í stöðunni. Líklegt er að arftaki Discoverer verði ekki eitt kerfi heldur verði um nokkrar lausnir að ræða. Augu manna hafa beinst að öðrum greiningarverkfærum s.s. APEX og Polaris. Er þá APEX hugsað fyrir allar almennar skýrslur en Polaris til að búa til sérsniðnar skýrslur vegna allra uppgjöra FJS. Í lok árs 2015 var sett af stað tilraun þar sem valinn hópur notenda prófaði skýrslur þúnar til í APEX. Á grundvelli þessarar prófunar verður svo endanlegt snið og valmyndir á skýrslum ákveðnar.
- Áfram verður haldið að þróa og útbreiða samþykktarkerfið (AME) vegna reikninga. Gert er ráð fyrir að allar stofnanir hafi tekið kerfið í notkun í árslok 2016.
 - Bókunarvélin var þróuð áfram. Á árinu var sett inn gervigreind sem skoðar eldri bókanir til að finna bókun á nýjum reikningum.
 - Áhersla var lögð á að fylgja eftir gangsetningu rafrænna reikninga í viðskiptakröfuhluta Orra (AR). Flestar ríkisstofnanir voru komnar í gang með að senda rafræna reikninga á árinu.
 - Haldið var áfram að koma stofnunum í greiðslu- og bókhaldsþjónustu inn í sameiginlegt reikningakerfi í Orra (AR-Viðskiptakröfur).
 - Áfram var unnið að innleiðingu á vaktaáætlana- og viðverukerfinu Vinnustund hjá stofnunum. Í janúar og febrúar var áherslan á að koma stofnunum sem urðu til við sameiningar í ársbyrjun 2015 í réttan farveg í Vinnustund. Í kjölfar læknasamninga sem undirritaðir voru í upphafi árs 2015 þurfti að gera viðamiklar breytingar á vaktaáætlana- og viðverukerfinu. Einnig var áframhaldandi innleiðing á ráðningarkerfinu hjá stofnunum.
 - Haldið var áfram vinnu við skráningu starfsaldurs starfsmanna ríkisins sem hófu störf fyrir árið 2004 þ.e. áður en Orri var innleiddur.

Tekjubókhaldskerfi ríkisins (TBR)

Á árinu voru 18 útgáfur af TBR settar í rekstur með ýmist stærri eða minniháttar breytingum á einstökum kerfishlutum. Með nýjum útgáfum er verið að koma til móts við þarfir notenda. Brugðis er við óskum þeirra á sem skilvirkastan hátt, til að auðvelda þeim vinnu í kerfinu og samskipti við notendur. Lögð var áhersla á að efla rafræna upplýsingagjöf til gjaldenda bæði einstaklinga og rekstraraðila með því að nota island.is og fækka útprintunum í kerfinu. Í grófum dráttum er helst að nefna eftirfarandi:

- TBR kerfið varð 15 ára á árinu 2015 og var komið að þeim tímapunkti að skoða framtíðarhögun þess og byggja á henni stefnumörkun til framtíðar. Gerð var gróf frumgreining á styrkleikum og veikleikum í kerfinu og í framhaldinu skoðað hvar þörfin var mest fyrir breytingar á högun kerfisins. Byrjað verður á að finna nýjan grunn fyrir EA Server sem TBR notar, þar sem hann er kominn til ára sinna og verður ekki þróaður áfram.

Discoverer skýrslugerðartæki sem notað hefur verið við skýrslugerð úr fjárhagskerfum ríkisins, hættir að vera hluti af Oracle eBusiness suite kerfinu

Á árinu var sett inn gervigreind sem skoðar eldri bókanir til að finna bókun á nýjum reikningum

Í kjölfar læknasamninga sem undirritaðir voru í upphafi árs þurfti að gera viðamiklar breytingar á vaktaáætlana- og viðverukerfinu

Lögð var áhersla á að efla rafræna upplýsingagjöf til gjaldenda bæði einstaklinga og rekstraraðila með því að nota island.is og fækka útprintunum í kerfinu

TBR kerfið varð 15 ára á árinu og var komið að þeim tímapunkti að skoða framtíðarhögun þess og byggja á henni stefnumörkun til framtíðar

Útsending rafrænna reikninga á XML formi hófst seinni hluta ársins



Fjárstreymislíkan sem nýttist fjármála- og efnahagsráðuneytinu við skuldastýringu var bætt við Libra Loan

Hafinn var undirbúningur að því að uppfylla kröfur Þjóðskjalasafnsins um tilkynningu tölvukerfa

Boðið var upp á nýja þjónustu hjá FJS sem felst í því að stofnanir sem sjá sjálfar um eigið bókhald, skrá ógreidda reikninga í AP en ríkisfjárhirslan sér um greiðslur þeirra

Rafrænir reikningar sem bókunarvélin nær ekki að afgreiða, fara í bókunarferli hjá bókhaldssviði FJS

- Áhersla var lögð á að auka þjónustu við gjaldendur og launagreiðendur í gegnum island.is. Þar geta gjaldendur nálgast greiðsluseðla, kvittanir, tilkynningar og innheimtubréf sem PDF-skjöl. Þá var unnið að því að gjaldendur geti afþakkað pappír í gegnum island.is.
- Í vanskilakerfi TBR var innheimta vegna ábyrgðar þriðja aðila bætt. Í því samhengi var lögð áhersla á að uppfæra greiðsluáætlanir og maka-innheimtu. Nú er unnt að stofna kröfur fyrir greiðsluáætlanir og senda í vefbanka. Í makainnheimtu er hægt að stofna greiðsluáætlun á maka.
- Áframhaldandi þróun var á greiðsluskráningu í kerfinu með því að þróa greiðslu- og upplýsingamyndir sem fyrir eru í greiðslukerfi TBR.
- Eftirlitsþættir með ýmsum gögnum og aðgerðum í kerfinu voru þróaðir áfram. Eftirlitsþáttur með vaxtafrávikum, skuldajöfnuði og greiðslum var aukinn.
- Útsending rafrænna reikninga á XML-formi hófst seinni hluta ársins. Hafin var vinna að útsendingu reikninga fyrir fjórar stofnanir. Fjórir nýir gjaldflokkar bættust við á árinu.
- Hafin var innleiðing posalausna fyrir innheimtuembætti ríkissjóðs vegna verkefnisins „Pinnið á minnið“. Boðið er upp á tvær posalausnir sem báðar eru beintengdar TBR kerfinu.

Lánakerfi ríkisins (Libra Loan)

Libra-kerfið var innleitt hjá ríkissjóði á árinu 2007 til að halda utan um lánamál ríkisins, bæði veitt og tekin lán ríkissjóðs. Kerfið er undirbók í aðalbókhaldi ríkisins og flæða upplýsingar þaðan vélrænt inn í fjárhagskerfi ríkisins, Orra. Á árinu 2015 var fjárstreymislíkani bætt við kerfið sem nýttist fjármála- og efnahagsráðuneytinu við skuldastýringu. Í árslok 2015 voru 329 tekin lán skráð í kerfið og 585 veitt lán.

Gagnagrunnar FJS

Hafinn var undirbúningur á árinu 2015 að því að uppfylla kröfur Þjóðskjalasafnsins um tilkynningu tölvukerfa. Sú vinna heldur áfram á árinu 2016. Stefnt er að því að tilkynna til Þjóðskjalasafns alla gagnagrunna í notkun hjá FJS og einnig úrelta gagnagrunna. Í framhaldi af því þarf að skila reglulega til safnsins vörsluútgáfu gagna úr öllum rafrænum gagnagrunnum sem tilkynntir hafa verið. Um er að ræða viðamikið verkefni því þetta eru stórir gagnagrunnar.

Greiðslu- og bókhaldsþjónusta

Stöðugt er unnið að því að einfalda og bæta greiðslu- og bókhaldsþjónustu FJS. Á árinu 2015 var boðið upp á nýja þjónustu hjá FJS sem felst í því að stofnanir sem sjá sjálfar um eigið bókhald, skrá ógreidda reikninga í AP en ríkisfjárhirslan sér um greiðslur þeirra. Þessar greiðslur eru greiddar út af bankareikningi ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands. Nokkur embætti sýslumanna voru fyrstu stofnanirnar sem nýttu þessa þjónustu.

Fyrri hluta ársins og fram eftir árinu voru bókanir og greiðslur vegna niðurfærslu á verðtryggðum húsnæðisskuldum heimila afgreiddar daglega til fjármálastofnana.

Rafrænir reikningar

Rafrænir reikningar berast daglega til FJS og því mikilvægt að þeim sé komið í afgreiðsluferli fljótt og örugglega. Fjöldi pappírs- og rafrænna reikninga sem fara í gegnum bókhaldssviðið og afgreiddir eru til greiðslu eru um 130.000 á ári eða um 550-600 reikningar á dag. Meðal nýrra verkefna sem hafa orðið til hjá bókhaldssviðinu með tilkomu rafrænna reikninga má helst nefna, mót-töku og afgreiðslu rafrænna reikninga, umsjón með bókunarvél, umsjón og

viðhald með samþykktarkerfinu, eftirlit og afgreiðsla á reikningum sem er hafnað, eftirlit með stöðu reikninga í samþykktarferli o.fl. Unnið er markvisst að því að koma upplýsingum inn í bókunarvél rafrænna reikninga til að auðvelda og flýta fyrir bókun þeirra en bókunarvélin er í umsjón bókhaldssviðs FJS. Bókunarvélin samræmir tegundamerkingar í bókhaldi ríkisins með því að vinna á vöru- eða samningsnúmerum birgja. Rafrænir reikningar sem bókunarvélin nær ekki að afgreiða, fara í bókunarferli hjá bókhaldssviðinu.

Námskeið og gerð fræðsluefnis

Fræðsla er þýðingarmikill þáttur í starfsemi FJS og á árinu 2015 sóttu um 230 þátttakendur rúmlega 30 námskeið hjá FJS. Ætla má að um 15 starfsmenn komi beint eða óbeint að umsjón með fræðslunni og kennslunni sjálfri. Kennsluefnið er aðgengilegt á heimasíðu FJS en þar er einnig boðið upp á skráningu á þau námskeið sem stofnunin býður upp á.

Starfsmenn

Í árslok 2015 voru starfsmenn FJS 77, fjölgaði um fjóra frá árinu á undan. Konur eru fleiri en karlmenn, 48 konur en 29 karlmenn. Fjórir starfsmenn voru fastráðnir og einn ráðinn tímabundið. Einn starfsmaður hætti á árinu. Einn starfsmaður var í launuðu námsleyfi skv. grein 12.2.6 í kjarasamningum háskólamanna hluta af árinu. Stofnunin vill leggja sitt af mörkum til að bæta umhverfi og heilsu starfsfólks síns, sýna gott fordæmi og efla vitund fólks um vistvænar samgöngur. Samgöngustyrkur var því innleiddur hjá FJS frá ársbyrjun 2015 og verður haldið áfram á árinu 2016. Á árinu 2015 nýttu 11 manns samgöngustyrk. Starfsmannafélag stofnunarinnar í samstarfi við FJS stóð sameiginlega fyrir árshátíð, þorablóti og öðrum skemmtunum fyrir starfsfólk og maka á árinu.

Fyrirmyndardagurinn

Fyrirmyndardagurinn var haldinn þann 17. apríl 2015 og tók FJS þátt í honum. Markmið þessa dags er að fyrirtæki og stofnanir hafi tækifæri á að bjóða atvinnuleitendum með skerta starfsgetu að vera gestastarfsmenn í einn dag eða hluta úr degi. Heimsóknin var mjög ánægjuleg.

Húsnæðið að Vegmúla 3

Rekstrarsvið annast umsýslu húsnæðisins og fylgir eftir að reglubundnu og nauðsynlegu viðhaldi sé sinnt. Eins og fyrri ár var lögð töluverð vinna í að yfirfara fjölmarga þætti, sem lúta að aðstöðu og öryggi starfsmanna, t.a.m. starfsaðstöðu, raflýsingu og snjóbræðslukerfi. Nýr húsaleigusamningur var undirritaður í byrjun árs 2015 og gildir hann til ársins 2027.


Í tengslum við framlengingu húsaleigusamnings var útbúinn listi yfir viðhald og endurbætur sem talið var nauðsynlegt að ráðast í og var það forsenda fyrir framlengingu leigusamningsins. Byrjað var á viðamiklum framkvæmdum á 4. hæð en miðsvæðið þar þarfnadist verulegra úrbóta. Einnig voru gluggar yfirfarnir þar sem þeir voru víða farnir að leka. Skjalageymsla í kjallara var fullnýtt og ekki lengur hægt að koma þar fyrir meiri pappír. Geymslan var stækkuð í lok ársins 2015 með því að bæta við hillum en þannig eru allir möguleikar fullnýttir.

Á árinu sóttu um 230 þátttakendur rúmlega 30 námskeið hjá FJS

Samgöngustyrkur var innleiddur hjá FJS frá ársbyrjun og voru 11 manns sem nýttu sér hann

Fyrirmyndardagurinn var haldinn þann 17. apríl og tók FJS þátt í honum

Nýr húsaleigusamningur var undirritaður í byrjun árs og gildir hann til ársins 2027





Gert er ráð fyrir að ríkisreikningur fyrir árið 2017 verði fyrsti reikningurinn sem verði samkvæmt nýjum reikningsskilastöðlum

Lög um opinber fjármál (LOF) voru samþykkt af Alþingi fyrir lok þings í desember 2015

Lögin eru heildarlög um opinber fjármál og er ljóst að þau munu hafa mikil áhrif á starfsemi FJS. Í lögnum felast meðal annars umtalsverðar breytingar á reikningsskilum og uppgjörum ríkissjóðs og ríkisstofnana með innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila. Þá mun reynast nauðsynlegt að yfirfara og breyta verklagi samfara því. Eignfærsla varanlegra rekstrarfjármuna og gerð samstæðuuppgjörs eru meðal helstu breytinga. Niðurstaða mats á kostnaði við innleiðingarferli á næstu tveimur árum skipti hundruðum milljóna. Með upptöku alþjóðlegra staðla kemur krafa um þjálfun og aukna fagþekkingu starfsmanna, fjölga þarf starfsmönnum, þróa upplýsingakerfi og breyta skýrslum. Þessum breytingum fylgja mikil tækifæri til að bæta verklag og stuðla að hagkvæmri nýtingu fjármuna og bættri upplýsingagjöf.

Undirbúningsvinna hefur verið í gangi hjá FJS í tengslum við framangreindar breytingar, m.a. að byggja upp þekkingu á alþjóðlegum stöðlum. Jafnframt hefur verið komið af stað vinnuhópi við mat á efnislegum eignum ríkissjóðs, svo sem í samgöngumannvirkjum, fasteignum, jörðum, skipum, flugvélum o.þ.h. Hér er um viðamikið og faglegt starf að ræða sem krefst töluverðrar vinnu. Gert er ráð fyrir að ríkisreikningur fyrir árið 2017 verði fyrsti reikningurinn sem verði samkvæmt nýjum reikningsskilastöðlum.

Fjármál

Rekstrarsvið annast fjármál stofnunarinnar ásamt gerð rekstraráætlana í samvinnu við fjársýslustjóra. Í tengslum við gerð árlegra rekstraráætlana er farið yfir málefni einstakra sviða með viðkomandi forstöðumönnum. Er það gert til að fá dýpri sýn á fjármálin og tryggja samræmda forgangsröðun verkefna. Jafnframt er unnið sameiginlega að gerð langtímaáætlunar og ársskýrslu fyrir stofnunina. Langtímaáætlunin endurspeglar stefnumörkun og megináherslur starfseminnar til lengri tíma. Rekstraráætlunin tekur jafnan mið af samþykktri langtímaáætlun innan þess ramma sem fjárveitingar leyfa. Í ársskýrslu er loks gerður samanburður á útgjöldum og fjárheimildum auk tölulegs samanburðar á markmiðum ársins og útkomu.

Afkoma Fjársýslunnar var jákvæð um 14,8 millj. kr. á árinu 2015. Heildargjöld ársins að frádregnum sértekjum voru 1.691,9 millj. kr. og hækkuðu um 48,7 millj. kr. eða 3,0 % frá árinu á undan. Fjárheimildir ársins námu 1.706,7 millj. kr. Þá átti stofnunin jafnframt ónýttar heimildir frá fyrri árum 100,0 millj. kr. þannig að heildarfjárheimildir ársins námu alls 1.806,7 millj. kr.

Rekstrarafkoma FJS 2013-2015

| Í millj. kr. | 2015 | 2014 | 2013 |
|--------------------------------|----------------|----------------|----------------|
| Sértekjur | -8,9 | -9,1 | -5,4 |
| Rekstrargjöld | 789,1 | 725,0 | 669,7 |
| Rekstur upplýsingakerfa | 853,8 | 858,4 | 806,8 |
| Stofnkostnaður upplýsingakerfa | 57,9 | 69,0 | 20,1 |
| Gjöld umfram sértekjur | 1.691,9 | 1.643,3 | 1.491,2 |
| Framlag ríkissjóðs | 1.706,7 | 1.562,9 | 1.521,0 |
| Hagnaður / tap ársins | 14,8 | -80,4 | 29,8 |


Jákvæð afkoma ársins skiptist þannig að rekstur stofnunarinnar skilaði 2,5 millj. kr. afgangi, rekstur upplýsingakerfa var neikvæður um 11,5 millj. kr. og hugbúnaðargerðin var jákvæð um 23,8 millj. kr.

Afkoma 2015 eftir viðfangsefnum FJS

| Í millj. kr. | Reikningur | Fjárheimild | Frávik |
|---|----------------|----------------|-------------|
| Almennur rekstur | 780,2 | 782,7 | 2,5 |
| Tekjubókhaldskerfi | 363,2 | 364,4 | 1,2 |
| Fjárhags- og starfsmannakerfi | 490,6 | 477,9 | -12,7 |
| Almennur rekstur samtals | 1.634,0 | 1.625,0 | -9,0 |
| Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi | 10,4 | 8,2 | 2,2 |
| Hugbúnaðargerð fyrir fjárhags- og starfsmanna kerfi | 47,5 | 73,5 | 26,0 |
| Stofnkostnaður samtals | 57,9 | 81,7 | 23,8 |
| Gjöld umfram sértekjur | 1.691,9 | 1.706,7 | 14,8 |

Rekstrarsvið annast fjármál stofnunarinnar ásamt gerð rekstraráætlana í náinni samvinnu við fjársýslustjóra

Jákvæð afkoma ársins skiptist þannig að rekstur stofnunarinnar skilaði 2,5 millj. kr. afgangi, rekstur upplýsingakerfa var neikvæður um 11,5 millj. kr. og hugbúnaðargerðin var jákvæð um 23,8 millj. kr.



Hugbúnaðargerðin skilaði afgangi sem má rekja að mestu til frestunar verkefna sem tengjast lögum um opinber fjármál (LOF)

Halla á rekstri upplýsingakerfa má einkum rekja til misræmis á milli verðlagshækkunar fjárlaga og launavísitölu en þó nokkrir samningar vegna kerfa eru tengdir við hana.

Hugbúnaðargerðin skilaði afgangi sem má rekja að mestu til frestunar verkefna sem tengjast lögum um opinber fjármál (LOF).

Staða fjárheimilda 2013-2015

| Í millj. kr. | 2015 | 2014 | 2013 |
|-------------------------------------|--------------|--------------|--------------|
| Staða í ársbyrjun | 100,0 | 189,4 | 207,9 |
| Niðurfelling samkvæmt lokafjárlögum | 0,0 | -9,0 | -48,2 |
| Hagnaður / tap ársins | 14,8 | -80,4 | 29,8 |
| Staða í árslok | 114,8 | 100,0 | 189,4 |


Í árslok 2015 var fjárheimildastaðan jákvæð um 114,8 millj. kr. Að öðru leyti vísast til ársreiknings FJS.



Starfsmenn og þróun

Í árslok 2015 voru starfsmenn FJS 77 og fjölgaði um fjóra frá árinu á undan. Karlmenn voru færri en konur, 29 samanborið við 48 konur. Kynjahlutfall stjórnenda skiptist þannig að þar eru 3 konur á móti 4 körlum. Myndirnar hér á eftir sýna fjölda starfsmanna innan sviða, kynjahlutfall og aldursdreifingu.


Fjöldi starfsmanna eftir sviðum



Á myndina vantar tvo starfsmenn, þ.e. fjársýslustjóra og einn starfsmann sem vinnur við innra eftirlit.

Á árinu 2015 voru fjórir starfsmenn fastráðnir og einn ráðinn tíma-bundið. Einn starfsmaður hætti á árinu. Einn starfsmaður hóf fæðingarorlof í lok árs. Einn starfsmaður var í launuðu námsleyfi skv. grein 12.2.6 í kjarasamningum háskólamanna á árinu. Starfsmannavelta var 1,3% en hún var 5,5% árið áður. Meðalaldur starfsmanna er 52,7 ár en var 52,2 árið áður. Meðalstarfsaldur er rúmlega 12,8 ár en var rúmlega 12,4 ár árið áður. Háskólamenntaðir eru um 49% starfsmanna en voru 48% árið áður og eru viðskiptafræðingar í meirihluta.

Aldursdreifing starfsmanna



Veikindi voru eftirfarandi hjá FJS árið 2015: Skammtímaveikindi 33 starfsmenn, miðlungsveikindi 25 starfsmenn og langvarandi veikindi 9 starfsmenn. Veikindadagar sem flokkast undir skammtíma- og miðlungsveikindi voru 6,1 dagar að meðaltali samanborið við 6,8 daga árið 2014. Stuðst er við skilgreiningu frá Virk starfsendurhæfingu á veikindum þ.e. skiptingu í skammtíma-, miðlungs-, og langvarandi veikindi. Skammtímaveikindi teljast vera minna eða sama sem 5 virkir dagar á ári, miðlungsveikindi eru 6 til 20 virkir dagar og langtíma-veikindi meira en 20 virkir dagar.


Stöðugildi í árslok 2015 voru 74,5 samanborið við 72,5 árið áður. Allir útreikningar á veikindum miðast við virka daga.

Listi yfir starfsmenn FJS í árslok 2015 kemur fram aftast í skýrslunni.

Í árslok 2015 voru starfsmenn FJS 77, fjölgaði um 4 frá árinu á undan

Kynjahlutfall stjórnenda skiptist þannig að það eru 3 konur á móti 4 körlum

Kynjahlutfall starfsmanna



Starfsmannavelta var 1,3% en hún var 5,5% árið áður.

Háskólamenntaðir eru um 49% starfsmanna og eru viðskiptafræðingar í meirihluta



Súla í bjargi

Kennitölur

Hér koma fram ýmsar lykiltölur með upplýsingum um starfsemi FJS. Sýndar eru ýmsar magntölur yfir starfsemina frekar en að draga fram kostnaðinn af henni. Slíkar upplýsingar koma að góðu gagni í tengslum við forgangsröðun verkefna og stefnumótun. Hagnýtt gildi þeirra er ótvírætt og mikilvægt að nýta þær til stjórnunar og eftirlits með því að bera útkomuna saman við upphafleg markmið. Í mörgum tilvikum gefa þær einnig góða vísbendingu um hvar má gera betur og möguleika á aukinni hagræðingu.

Gerð ríkisreiknings

Í ríkisreikningi eru birt ársuppgjör ríkissjóðs, ríkisstofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins. Á þann hátt er safnað á einn stað upplýsingum um fjármál allra ríkisaðila og gefin glögg mynd af heildarumsvifum ríkisins. Fjöldi fjárlagaliða hjá A-hluta ríkissjóðs var eftirfarandi:

| Fjöldi | 2015 | 2014 |
|---|------------|------------|
| Æðsta stjórn ríkisins og ráðuneyti | 9 | 9 |
| Ríkisstofnanir | 170 | 185 |
| Tilfærsluliðir | 80 | 81 |
| Aðrir liðir | 149 | 150 |
| Fjárlagaliðir samtals í A-hluta ríkisreiknings | 408 | 425 |


Í B-, C-, D- og E-hluta ríkisreiknings árið 2015 eru sýndar lykiltölur úr ársreikningum 34 stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins. Þar af eru 3 aðilar í B-hluta, 6 í C-hluta, 2 í D-hluta og 23 í E-hluta. Þetta eru jafn margir aðilar og birtust í ríkisreikningi ársins 2014.

Greiðsluþjónusta fyrir ríkissjóð, ráðuneyti og ríkisstofnanir

Í aðalatriðum er greiðsluþjónusta FJS tvíþætt, þ.e. annars vegar fyrir ríkissjóð og hins vegar fyrir ráðuneyti og ýmsar ríkisstofnanir.

| Innlegg á bankareikninga | 2015 | 2014 |
|---|----------------|----------------|
| Bankainnlegg vegna greiðslu reikninga o.fl. | 180.210 | 164.442 |
| Bankainnlegg vegna launagreiðslna | 273.566 | 257.946 |
| Bankainnlegg vegna orlofsgreiðslna | 166.471 | 164.026 |
| Bankainnlegg í barnabóta- og skattvinnslum | 301.077 | 315.876 |
| Fjöldi bankainnleggja | 921.324 | 902.290 |


Undanfarin ár hefur verið unnið að því að koma greiðslum beint inn á bankareikninga í stað þess að skrifa út tékka. Um mitt ár 2011 var hætt að greiða út laun, inneignir og barnabætur með ávísunum. Fjöldi innleggja jókst um 2,1% á milli ára. Á árinu var endanlega hætt að skrifa út tékka.



Mosi og limg

Í ríkisreikningi eru birt ársuppgjör ríkissjóðs, ríkisstofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins

Í B-, C-, D- og E-hluta ríkisreiknings 2015 eru sýndar lykiltölur úr ársreikningum 34 stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins



Bláklukkur

Fjöldi innleggja jókst um 2,1% á milli ára og á árinu var endanlega hætt að skrifa út tékka



Berjalýng

Samkvæmt fjárreiðulögum hefur FJS yfirumsjón með öllu bókhaldi og reikningsskilum þeirra aðila sem ríkisreikningur nær til

FJS veitir ráðuneytum og stofnunum ríkisins aðstoð og þjónustu um bókhald og námskeiðahald sem tengist því

Fjárhagskerfið heldur utan um bókhald ríkissjóðs, ráðuneyta og stofnana ríkisins. Kerfið er einnig notað fyrir alla uppgjörsvinnu við gerð ríkisreiknings og aðra upplýsingagjöf

Greiðsluþjónusta fyrir ríkissjóð er einkum vegna greiðslu á launum til ríkisstarfsmanna og framlögum til ríkisstofnana og annarra sem fá framlög frá ríkissjóði. Þessar greiðslur ná meðal annars til barna- og vaxtabóta, skila á tekjum til sveitarfélaga, sókna- og kirkjugarðaráðs, skila á inneignum eftir skattálagningu o.fl. Loks nær greiðsluþjónustan einnig til greiðslna af teknum lánum ríkissjóðs og innheimtu af veittum lánum ríkissjóðs.

Greiðsluþjónusta fyrir ráðuneyti og ríkisstofnanir nær einkum til greiðslna á reikningum vegna rekstrarkostnaðar, styrkveitinga og samninga. Í flestum tilvikum annast stærri ríkisstofnanir sjálfar greiðslur á eigin reikningum.

| Fjöldi | 2015 | 2014 |
|---|---------|---------|
| Ráðuneyti og stofnanir í greiðsluþjónustu FJS | 102 | 90 |
| Skráðir reikningar | 96.627 | 101.810 |
| Rafrænir reikningar | 57.681 | 30.980 |
| Bókaðar færslur | 591.925 | 427.500 |
| Skönnuð skjöl | 595.465 | 670.590 |

Bókhaldsþjónusta og ráðgjöf við stofnanir ríkisins

Samkvæmt fjárreiðulögum hefur FJS yfirumsjón með öllu bókhaldi og reikningsskilum þeirra aðila sem ríkisreikningur nær til. FJS veitir ráðuneytum og stofnunum ríkisins aðstoð og þjónustu um bókhald og námskeiðahald sem tengist því. Bókhald stofnana sem eru í bókhaldsþjónustu er bókað og skráð hjá FJS og nánast allar stofnanir eru einnig í greiðsluþjónustu.

| Fjöldi | 2015 | 2014 |
|---|------|------|
| Ráðuneyti og stofnanir í bókhaldsþjónustu FJS | 102 | 90 |
| Ríkisstofnanir sem annast sjálfar eigið bókhald | 77 | 104 |
| Samtals | 179 | 194 |

Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins

Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins, Orri, er samhæfð heildarlausn í viðskiptahugbúnaði. Kerfið keyrir á Oracle gagnagrunni og samanstendur af u.þ.b. 60 kerfishlutum þar á meðal fjárhagskerfi, mannauðskerfi, verkboðkerfi, innkaupakerfi, eignakerfi o.fl. Notendur tengjast hugbúnaðinum með vefskoðara yfir netið. Kerfið hefur verið lagað að íslenskum aðstæðum t.d. með tengingum við þjóðskrá, íslenska banka og tekur einnig mið af íslenskum reglum um virðisaukaskatt.

Fjárhagskerfið heldur utan um bókhald ríkissjóðs, ráðuneyta og stofnana ríkisins. Kerfið er einnig notað fyrir alla uppgjörsvinnu við gerð ríkisreiknings og aðra upplýsingagjöf. Eignaskráningarkerfi er hluti af fjárhagskerfinu og hefur það verið sett upp hjá stofnunum. Kerfið heldur utan um alla varanlega rekstrarfjármuni.

| Fjöldi | 2015 | 2014 |
|---|------|------|
| Ráðuneyti og ríkisstofnanir sem nota Orra | 170 | 181 |
| Ríkisstofnanir utan Orra | 9 | 13 |
| Samtals | 179 | 194 |
| Hlutfall þeirra sem nota Orra | 95,0 | 93,3 |

Mannauðskerfið heldur utan um starfsmanna- og launagreiðslukerfi ríkisins. Starfsmannahlutinn hefur að geyma víðtækar upplýsingar þar á meðal um launakjör og aðrar forsendur sem þarf við launaútreikninga í launagreiðsluhlutanum. Í kerfinu eru greidd laun allra starfsmanna hjá A-hluta stofnunum og að auki hjá nokkrum B- og C-hluta stofnunum.

| Fjöldi | 2015 | 2014 |
|---------------------------------|---------|---------|
| Launþegar að meðaltali á mánuði | 23.009 | 22.916 |
| Launavinnskur á árinu | 15 | 15 |
| Launaseðlar á árinu | 294.337 | 293.715 |


Vinnustund er vaktaáætlunar- og viðverukerfi sérhannað af Advania. Kerfið heldur utan um tíma- og fjarvistarskráningar starfsmanna ásamt því að vera öflugt tæki til að skipuleggja vinnutíma þeirra. Kerfið er sérsniðið að þörfum ríkisstofnana og tengist beint við mannauðskerfi Orra. Stofnanir ríkisins sem nú þegar hafa tekið upp Vinnustund eru 99 talsins og eru með um 83% af starfsmannafjölda ríkisstofnana. Lögð er rík áhersla á að sem flestar ríkisstofnanir innleiði kerfið. Sérstaklega er það mikilvægt í tengslum við ný lög um opinber fjármál sem samþykkt voru í desember 2015, en þar er gert ráð fyrir að áfallið orlof sé fært sem skuldbinding í tengslum við ársuppgjör ríkisstofnana. Ráðningarkerfið hefur verið í notkun í nokkur ár og var haldið áfram með innleiðingu þess hjá stofnunum. Í árslok 2015 höfðu 58 stofnanir innleitt kerfið, en á árinu var það notað til að ráða í 2.085 störf.

Aðrir kerfishlutar sem settir hafa verið upp í Orra eru: fræðslukerfi, sjálfsafgreiðslukerfi, ferðauppgjörskerfi, vörustýring, verkbókhald, birgðir, pantanir, vefverslun og samningakerfi. Sjálfsafgreiðslan er aðgengileg öllum starfsmönnum ríkisins en notkun á hinum kerfishlutunum er mjög mismunandi eftir stofnunum. Þar skiptir stærð og eðli stofnananna mestu. Landsspítalinn er t.d. stór aðili í vörustýringu og birgðahaldi og Vegagerðin í verkbókhaldi. Sífellt fleiri stofnanir telja sig hafa þörf fyrir að taka upp vörustýringu og verkbókhald. Sett hefur verið upp í Orra samningakerfi þar sem haldið er utan um samninga um fjárframlög.

Lánakerfi ríkisins

FJS heldur utan um tekin og veitt lán ríkissjóðs og er það gert í lána-kerfinu Libra Loan. Þar er einnig haldið utan um skuldaviðurkenningar. Áfram hefur verið unnið að því að þróa kerfið frekar og efla virkni þess. Tiltölulega nýtt í kerfinu er fjárstreymislíkan sem nýtist fjármála- og efnahagsráðuneytinu við skuldastýringu. Í árslok 2015 voru veitt lán 585 að tölu og tekin lán 329.

Stofnanir ríkisins sem nú þegar hafa tekið upp Vinnustund eru 99 talsins og eru með um 83% af starfsmannafjölda ríkisstofnana



Í árslok 2015 höfðu 58 stofnanir innleitt ráðningarkerfið, en á árinu var það notað til að ráða í 2.085 störf

Aðrir kerfishlutar sem settir hafa verið upp í Orra eru: fræðslukerfi, sjálfsafgreiðslukerfi, ferðauppgjörskerfi, vörustýring, verkbókhald, birgðir, pantanir, vefverslun og samningakerfi

Í árslok 2015 voru veitt lán 585 að tölu og tekin lán 329

Útgefnum seðlum fækkaði um 1,6% frá árinu 2014



Mikill fjöldi námskeiða var haldinn fyrir ráðuneyti og ríkisstofnanir á árinu 2015 á vegum FJS

Tekjubókhaldskerfi ríkisins

FJS hefur umsjón með tveimur kerfum, Tekjubókhaldskerfi ríkisins og Innheimtuskilakerfi, sem notuð eru við innheimtu tekna ríkissjóðs og skiptingu þeirra þar sem það á við, svo sem til sveitarfélaga.

| Fjöldi | 2015 | 2014 |
|----------------------------------|-----------|-----------|
| Útgefnir greiðsluseðlar | 983.510 | 993.036 |
| Útgefnir gíróseðlar | 554.402 | 569.127 |
| Greiddir greiðslu- og gíróseðlar | 1.240.788 | 1.201.835 |
| Útsend innheimtubríf | 189.318 | 191.556 |

Í heild voru útgefnir seðlar tæplega 1,5 milljónir á árinu 2015, fækkaði um 1,6% frá árinu á undan.

Uppgjör og skil á staðgreiðslu

FJS sér á hverjum degi um skiptingu og skil á innheimtri staðgreiðslu á milli ríkissjóðs og einstakra sveitarfélaga. Þá sér FJS einnig um skil á hlutdeild sókna og trúfélaga í tekjuskatti.

| Fjöldi | 2015 | 2014 |
|--|------|------|
| Sveitarfélög | 75 | 75 |
| Sóknir | 337 | 337 |
| Kirkjugarðar (Kirkjugarðaráð Íslands og Kirkjugarðasjóður) | 2 | 2 |

Námskeið

Fræðsla er vaxandi þáttur í starfsemi FJS. Mikill fjöldi námskeiða voru haldin fyrir ráðuneyti og ríkisstofnanir á árinu 2015 á vegum FJS. Þessi námskeið voru í Orra, Vinnustund og gerð rekstraráætlana. Haldin voru ýmis sértæk námskeið fyrir stofnanir, þar á meðal voru námskeið í launaafgreiðslu, rafrænum reikningum, samþykktarferlum, fyrirspurnum í Orra og vefskýrslum. Haldnar voru kynningar í tengslum við eignakerfið og einnig var farið í heimsóknir til allra sýslumanns-embætta vegna TBR.



09-103 Fjársýsla ríkisins

ÁRSREIKNINGUR
2015

fjs Fjársýsla
ríkisins



09-103 Fjársýsla ríkisins

Ársreikningur 2015

Ársreikningur þessi sem hefur að geyma rekstrarreikning ársins, efnahagsreikning í árslok og sjóðstreymi ásamt sundurliðunum hefur verið saminn eftir bókhaldi stofnunarinnar.


Lykilstærðir ársreikningsins eru:

| | <u>2015</u> | <u>2014</u> | <u>Fjárheimild</u> |
|----------------------------------|---------------|---------------|--------------------|
| Rekstrarreikningur | | | |
| Tekjur samtals..... | 8.857.051 | 9.083.700 | 5.700.000 |
| Gjöld samtals..... | 1.700.794.053 | 1.652.347.183 | 1.712.400.000 |
| Framlag úr ríkissjóði..... | 1.706.700.000 | 1.562.900.000 | 1.706.700.000 |
| Hagnaður/tap ársins..... | 14.762.998 | -80.363.483 | 0 |
| Efnahagsreikningur | | | |
| Eignir samtals..... | 164.006.571 | 141.998.364 | |
| Skuldir samtals..... | 49.225.001 | 41.979.792 | |
| Höfuðstóll í árslok..... | 114.781.570 | 100.018.572 | |
| Greiðslustaða við ríkissjóð..... | 163.167.571 | 140.676.364 | |

Forstöðumaður og aðalbókari staðfesta ársreikning stofnunar fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

25.02.2016




 Forstöðumaður


 Aðalbókari

Rekstrarreikningur

| | Reikningur 2015 | Reikningur 2014 | Fjárheimildir 2015 |
|---------------------------------------|-----------------------|-----------------------|-----------------------|
| Tekjur | | | |
| Sértekjur..... | 8.857.051 | 9.083.700 | 5.700.000 |
| Markaðar tekjur..... | 0 | 0 | 0 |
| Aðrar rekstrartekjur..... | 0 | 0 | 0 |
| Tekjur samtals | 8.857.051 | 9.083.700 | 5.700.000 |
| Gjöld | | | |
| Almennur rekstur..... | 1.642.847.741 | 1.583.347.597 | 1.630.700.000 |
| 101 Almennur rekstur..... | 789.050.983 | 724.969.150 | 788.400.000 |
| 143 Tekjubókhaldskerfi..... | 363.228.808 | 364.832.922 | 364.400.000 |
| 147 Fjárhags- og starfsmannakerf..... | 490.567.950 | 493.545.525 | 477.900.000 |
| Stofnkostnaður..... | 57.946.312 | 68.999.586 | 81.700.000 |
| 643 Hugbúnaðargerð fyrir tekjubó..... | 10.417.441 | 354.271 | 8.200.000 |
| 647 Hugbúnaðargerð fyrir fjárhag..... | 47.528.871 | 68.645.315 | 73.500.000 |
| Gjöld samtals | 1.700.794.053 | 1.652.347.183 | 1.712.400.000 |
| Tekjur umfram gjöld..... | -1.691.937.002 | -1.643.263.483 | -1.706.700.000 |
| Framlag úr ríkissjóði..... | 1.706.700.000 | 1.562.900.000 | 1.706.700.000 |
| Hagnaður/tap ársins..... | 14.762.998 | -80.363.483 | 0 |

Fjársýsla ríkisins
09-103

Efnahagsreikningur

| | Reikningur 31.12.2015 | Reikningur 31.12.2014 |
|---|--------------------------|--------------------------|
| Eignir | | |
| Fastafjármunir | | |
| Áhættufjármunir..... | 0 | 0 |
| Langtímakröfur..... | 0 | 0 |
| Fastafjármunir samtals..... | 0 | 0 |
| Veltufjármunir | | |
| Vörubirgðir..... | 0 | 0 |
| Inneign hjá ríkissjóði..... | 163.167.571 | 140.676.364 |
| Skammtímalán..... | 0 | 0 |
| Skammtímakröfur aðrar..... | 839.000 | 1.322.000 |
| Handbært fé..... | 0 | 0 |
| Veltufjármunir samtals..... | 164.006.571 | 141.998.364 |
| Eignir samtals..... | 164.006.571 | 141.998.364 |
| Skuldir og eigið fé | | |
| Eigið fé | | |
| Höfuðstóll | | |
| Staða í ársbyrjun..... | 100.018.572 | 189.402.948 |
| Breyting v/lokafjálaga..... | 0 | -9.020.893 |
| Hagnaður/tap ársins..... | 14.762.998 | -80.363.483 |
| Höfuðstóll í árslok..... | 114.781.570 | 100.018.572 |
| Annað eigið fé | | |
| Bundið eigið fé..... | 0 | 0 |
| Framlag til eignamyndunar..... | 0 | 0 |
| Annað eigið fé samtals..... | 0 | 0 |
| Eigið fé í árslok..... | 114.781.570 | 100.018.572 |
| Langtímaskuldir | | |
| Tekin löng lán..... | 0 | 0 |
| Langtímaskuldir samtals..... | 0 | 0 |
| Skammtímaskuldir | | |
| Yfirdráttur á bankareikningum..... | 0 | 0 |
| Skuld við ríkissjóð..... | 0 | 0 |
| Skammtímalántökur..... | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir..... | 49.225.001 | 41.979.792 |
| Skammtímaskuldir samtals..... | 49.225.001 | 41.979.792 |
| Skuldir samtals..... | 49.225.001 | 41.979.792 |
| Skuldir og eigið fé samtals..... | 164.006.571 | 141.998.364 |

Sjóðstreymi

| | Reikningur 2015 | Reikningur 2014 |
|---|--------------------|--------------------|
| Hagnaður/tap ársins | 14.762.998 | -80.363.483 |
| Breyting rekstrartengdra eigna og skulda | | |
| Breyting skammtímakrafna og birgða..... | 483.000 | -1.072.000 |
| Breyting skammtímaskulda..... | 7.245.209 | 8.777.559 |
| Handbært fé frá rekstri | 22.491.207 | -72.657.924 |
| Fjárfestingahreyfingar | | |
| Veitt lán..... | 0 | 0 |
| Afborganir veittra lána..... | 0 | 0 |
| Endurmat veittra lána..... | 0 | 0 |
| Breyting á áhættufjármunum..... | 0 | 0 |
| Fjárfestingahreyfingar samtals | 0 | 0 |
| Fjármögnunarahreyfingar | | |
| Framlag ríkissjóðs..... | -1.706.700.000 | -1.562.900.000 |
| Tekjur innheimtar af ríkissjóði..... | 0 | 0 |
| Greitt úr ríkissjóði..... | 1.684.208.793 | 1.635.557.924 |
| Markaðar tekjur, skil á innheimtu ríkissjóðs..... | 0 | 0 |
| Tekin lán..... | 0 | 0 |
| Afborganir tekinna lána..... | 0 | 0 |
| Endurmat tekinna lána..... | 0 | 0 |
| Fjármögnunarahreyfingar samtals | -22.491.207 | 72.657.924 |
| Breyting á handbæru fé | 0 | 0 |
| Handbært fé í ársbyrjun | 0 | 0 |
| Handbært fé, hreyfingar | 0 | 0 |
| Handbært fé í árslok | 0 | 0 |

Staða viðfangsefna 31.12.2015

| Sundurliðun | Viðfangsefni fjárlaga og heita | | | | |
|--------------------------|--------------------------------|-----------------------|-----------------------|-----------------------|-----------------------|
| | Almennur r 101 | Tekjubókhaldsk 143 | Fjárhags- og s 147 | Hugbúnaðargerð 643 | Hugbúnaðargerð 647 |
| Tekjur | | | | | |
| Sértekjur | 8.857.051 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Markaðar tekjur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Aðrar rekstrartekjur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Tekjur alls | 8.857.051 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Rekstrargöld | 789.050.983 | 363.228.808 | 490.567.950 | 10.417.441 | 47.528.871 |
| Framlag ríkissjóðs | 782.700.000 | 364.400.000 | 477.900.000 | 8.200.000 | 73.500.000 |
| Niðurstaða ársins | 2.506.068 | 1.171.192 | -12.667.950 | -2.217.441 | 25.971.129 |
| Höfuðstóll í upphafi árs | 11.627.995 | 31.567.078 | 25.534.475 | 28.890.899 | 2.398.125 |
| Breyting v/lokafjárlaga | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Höfuðstóll 31.12.2015 | 14.134.063 | 32.738.270 | 12.866.525 | 26.673.458 | 28.369.254 |

| Sundurliðun | Samtals öll viðfangsefni | |
|--------------------------|--------------------------|--------------------|
| | 2015 | 2014 |
| Tekjur | | |
| Sértekjur | 8.857.051 | 9.083.700 |
| Markaðar tekjur | 0 | 0 |
| Aðrar rekstrartekjur | 0 | 0 |
| Tekjur alls | 8.857.051 | 9.083.700 |
| Rekstrargöld | 1.700.794.053 | 1.652.347.183 |
| Framlag ríkissjóðs | 1.706.700.000 | 1.562.900.000 |
| Niðurstaða ársins | 14.762.998 | -80.363.483 |
| Höfuðstóll í upphafi árs | 100.018.572 | 189.402.948 |
| Breyting v/lokafjárlaga | 0 | -9.020.893 |
| Höfuðstóll 31.12.2015 | 114.781.570 | 100.018.572 |



Starfsmenn Fjársýslu ríkisins í árslok 2015

Gunnar H. Hall, fjársýslustjóri

Bókhaldssvið

Alfreð Svavar Erlingsson, forstöðumaður

Anna Guðmundsdóttir
Bryndís Sveinsdóttir
Brynhildur Birgisdóttir
Guðrún I. Alexíusdóttir
Guðrún Guðmundsdóttir
Guðrún E. Tómasdóttir
Hanna D. Haraldsdóttir
Hrannar B. Jónsson
Hulda B. Guðjónsdóttir
Ingibjörg S. Jónsdóttir
Íris D. Jónsdóttir
Katrín D. Hilmarisdóttir
Kristín Hildimundardóttir
Lára Guðmundsdóttir
Laufey Sverrisdóttir
Lilja G. Friðvinsdóttir
Pétur Ó. Jónsson
Rakel G. Pálsdóttir
Sara M. Tryggvadóttir
Sunna Þórsdóttir
Svanhvít E. Einarisdóttir

Launasvið

Lára G. Hansdóttir, forstöðumaður

Anna M. Óladóttir
Arngrímur V. Angantýsson
Ásgeir M. Kristinsson
Drífa Ó. Sumarliðadóttir
Guðbjörg Sigurðardóttir
Guðný S. Guðmundsdóttir
Guðrún J. Haraldsdóttir
Hulda Jónsdóttir
Kristján J. Jónsson
Laufey Óskarsdóttir
Ragnheiður Jónsdóttir
Sóley Jakobsdóttir

Rekstrarsvið

Ragnheiður Gunnarsdóttir, forstöðumaður

Pétur Ó. Einarsson, starfsmannastjóri
Geir Thorsteinsson
Haraldur Blöndal
Kristín Magnadóttir
Linda Einarisdóttir
Oddrún Pétursdóttir
Rut Rútsdóttir
Stefanía Ragnarsdóttir
Vilborg Hólmjárn

Ríkisfjárhirsla og Tæknisvið

Stefán Kjærnested, varafjársýslustjóri

Bergþór Skúlason
Björn Kristjánsson
Guðbrandur J. Jónsson
Guðmundur Vigfússon
Guðrún Á. Janusdóttir
Gunnar Guðnason
Helgi Nielsen
Jóhann Þ. Arnarsson
Kristín Orradóttir
Sigríður Ingólfssdóttir
Thelma H. Másdóttir
Þorkell Pétursson

Tekjusvið

Ásta Garðarsdóttir, forstöðumaður

Barði E. Barðason
Edda Einarisdóttir
Guðjón Á. Ríkharðsson
Gyða Sigurlaugsdóttir
Halldór J. Harðarson
Jóhann Halldórsson
Jónas H. Jónsson
Sigríður H. Theódórsdóttir
Þorvaldur Steinarsson

Uppgjörssvið

Þórir H. Ólafsson, forstöðumaður

Ása Ólafsdóttir
Elín V. Magnúsdóttir
Helga Viðarsdóttir
Theodóra P. Sigurðardóttir
Úlfar G. Ásmundsson
Þorvaldur Egilson

Innra eftirlit

Pétur Jónsson



VEGMÚLA 3 • 108 REYKJAVÍK, SÍMI 545 7500 • FAX 562 6383, POSTUR@FJS.IS • WWW.FJS.IS